

Þann 30. september fór fram fundur í nefnd um stofnun framhaldsskóla í Grindavík á skrifstofu Grindarvíkurbæjar kl. 17:00

Fundinn sátu Eyjólfur Bragason, Garðar Páll Vignisson, Guðmundur L Pálsson og Petrína Baldursdóttir.

Þetta gerðist.

1. Eyjólfur gerði grein fyrir viðtölum við ýmsa aðila m.a. skólameistara, þingmenn, einn ráðherra, forseta bæjarstjórnar á Höfn í Hornarfirði, ráðuneytismenn og Loga Einarsson arkitekt.
2. Eyjólfur kynnti og lagði fram drög að skólanámsskrá sem er í vinnslu.
3. Eyjólfur lagði fram fréttatilkynningu til bæjarbúa um vinnu að stofnun framhaldsskóla og auglýsingu um samkeppni um merki skólans.
4. Fundarmönnum var falið að hafa samband við þingmenn sem standa þeim næst.
5. Garðari var falið að ræða við bæjarstjóra um að óska eftir fundi með menntamálaráðherra.
6. Lögð var fram tillaga um að húsnæði Landsbankans yrði leigt sem bráðabirgðahúsnæði fyrir væntanlegan framhaldsskóla. Garðar mun kanna það mál nánar.
7. Rætt um tilhögun á fjarnámi nemenda og þá hugmynd að væntanlegur skóli eigi kennslubækur í kjarnafögum sem hann leigði nemendum.
8. Eyjólfur fundi með Loga Einarssyni arkitekt og fari fram á að hann geri tilboð í frumskyssur að nýju menningar- og skólahúsnæði. Ákveðið er að Eyjólfur hitti hann á fundi 1. okt. Hugmyndin er að þeir skoði hugsanlega lóð undir skólann. Þeir hafa ákveðið að heimsækja Menntaskóla Boragarfjarðar fimmtudaginn 3. okt.
9. Að lokum var rætt um samstarf Menntaskóla Grindavíkur og Menntaskóla Boragarfjarðar, um skólanámsskrá og námsbrautir.

Næsti fundur væntanlega eftir tvær vikur.

Fleira ekki rætt fundi slitið kl. 18:30.